

Ed.

84. Frumvarp til laga

um ráðstafanir vegna búfjársjúkdóma.

Flm.: Páll Hermannsson.

1. gr.

Árlega skal safna skýrslum um búpeningssjúkdóma. Skýrslum þessum skulu dýralæknar safna með aðstoð hreppstjóra, hvers í sínum hreppi. Búendur skulu á vor- og hausthreppaskilum gefa hreppstjóra upplýsingar um sjúkdóma í búfé sínu. Landbúnaðarráðuneytið leggur til eyðublöð undir skýrslurnar.

2. gr.

Dýralæknum landsins skal skylt að ferðast einu sinni á ári um allt lækni- umdæmi sitt og safna skýrslum hjá hreppstjórum og aðstoða þá við skýrslugerðina, ef þörf krefur. Fyrir þessar ferðir skulu hverjum dýralækni greiddar kr. 500,00 á ári úr ríkissjóði í ferðakostnað. Skulu dýralæknarnir hafa lokið að safna skýrslum þessum fyrir 30. ágúst ár hvert.

3. gr.

Eftir að dýralæknir hefir safnað skýrslum um búfjársjúkdóma í sínu umdæmi, ber honum að semja heildarskýrslu fyrir umdæmið og senda hana ekki síðar en 15. september til landbúnaðarráðuneytisins, sem þá lætur vinna úr skýrslunum heildarskýrslu fyrir allt landið, eftir því sem nánar má ákveða í reglugerð, en heildarskýrsluna skal birta í búnaðarriti.

4. gr.

Nú drepst skepna eða skepnur skyndilega, svo að grunsamlegt sé, að hættulegur sjúkdómur bæði mönnum og skepnum geti verið á ferðinni, og skal þá tafarlaust tilkynna dýralækni í hlutaðeigandi héraði, er gerir nauðsynlegar öryggisráðstafanir svo fljótt sem unnt er.

5. gr.

Nú kemur upp faraldur í búpeningi í einhverju héraði, og skal það þá tilkynnt hlutaðeigandi dýralækni, sem tilkynnir það landbúnaðarráðuneytinu, ef faraldurinn að hans áliti er grunsamlegur um dauðsföll og smitun.

Landbúnaðarráðherra ákveður þá, að fengnum upplýsingum og í samráði við dýralækni, hvaða ráðstafanir skuli gerðar.

6. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af ráðstöfunum þeim, sem gerðar eru samkvæmt 4. og 5. gr. laga þessara, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Heimilt skal landbúnaðarráðherra að gera hverskonar nauðsynlegar ráðstafanir, þegar skæðir húsdýrasjúkdómar brjótast út. Þó skal hann leita álits eins eða fleiri dýralækna um slíkar ráðstafanir.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 10–500 króna sektum, nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilblutun landbúnaðarráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Í frumvarpi þessu er farið fram á, að safnað sé skýrslum um búfjársjúkdóma, eigendum gert að skyldu að skýra frá sjúkdómum og landbúnaðarráðherra gefin heimild til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir, ef um alvarlega sjúkdóma eða verulegan faraldur er að ræða. Þetta er og í samræmi við það, sem tíðkast í flestum löndum.

Fyrstu 3 gr. frumvarpsins fjalla um skýrslusöfnunina.

Tilgangurinn með því að safna skýrslum um búfjársjúkdóma er 1) að fá vitneskju um sjúkdómama, til þess að geta gert ráðstafanir áður en þeir hafa breiðzt um of út, 2) að mynda grundvöll fyrir rannsókn þeirra, og 3) að geta gefið vottorð með ýmsum landbúnaðarafurðum, sem þráfallt er krafizt af kaupendum.

Á það skal bent í sambandi við 1. og 2. atriðið, að lungnasjúkdómar í sauðfé voru að vísu allalgengir áður, en drápu þó einungis í einstökum og dreifðum tilfellum, en fullyrða má, að þeir hafi aukizt og orðið illkynjaðir svo mjög, að síðustu 10 árin hafa lungnasjúkdómar geysað sem faraldur einhversstaðar á landinu og drepitð féð unnvörpum. Torveldar það mjög rannsókn þessara sjúkdóma, að tiltölulega léleg vitneskja er til um það, hvernig þeir hafa hagað sér og hvernig sjúkdómseinkennum hefir verið háttað.

Um fjárkláðann má segja það, að hefðu verið til skýrslur um það, hvenær og hvar hann kom upp, og heilbrigðislöggjöf um það, hvernig þá ætti að haga sér, mundi þeim 4—500 þúsundum króna, sem útrýmingarþöðun Myklestad kostaði ríkissjóð, ekki hafa verið á glæ kastað, né heldur þeim 2—300 þúsund krónum, sem síðan hefir verið varið til þess að verjast kláðanum, því þær mundu hafa nægt til að útrýma honum, ef menn hefðu fengið vitneskju um hin einstöku tilfelli og fyrirmæli um að uppræta þau. Ættu þessi dæmi að nægja til þess að rökstyðja þetta mál.

Að því er snertir síðasta atriðið, um sölu landbúnaðarafurða, skal á það bent, að nú þarf að fylgja allri þeirri ull, sem send er til Ameríku, vottorð um, að miltisbruni sé ákaflega sjaldgæfur hér á landi. Sama má segja um sölu á öðrum landbúnaðarafurðum eða húsdýrum, að oft er krafizt vottorða um, að þessi eða hinn sjúkdómur hafi ekki gengið í þeim héruðum, þar sem verzlunarvörur þessar eru framleiddar.

4. gr. á að tryggja það, að skepnur, sem drepast úr óþekktum og grunsamlegum sjúkdómum, verði athugaðar.

5. gr. fjallar um tilkynningarskyldu á faröldum. Er vitað, að oft hafa þeir verið stöðvaðir, ef vitneskja um þá fæst í tíma, enda alveg nauðsynlegt að fá að vita, hvernig þeir haga sér, með tilliti til þess, sem réttmætt og sjálfsagt er að gera í augnablikinu, og til þess að fá almennan fróðleik um rannsókn þeirra.

7. gr. virðist sjálfsögð, því óviðkunnanlegt er, að landbúnaðarráðherra verði að gefa út bráðabirgðalög til að afla sér heimildar til jafnsjálfsagðra ráðstafana.

Loks skal á það bent, að dýralæknar eru látnir annast skýrslusöfnunina, til þess að tryggja það, að hún yrði sem réttust og ábyggilegust. Mundu skýrslur þessar lítills virði, ef þeim væri ekki safnað af kunnáttumönnum. Nægir í því efni að benda á gömlu lögin um skýrslusöfnun búfjársjúkdóma.

Jafnframt skal og benda á það, að með fyrirkomulagi þessu verða dýralæknar árlega að ferðast um allt sitt hérað, sjálfum sér og búfjäreigendum til stórgagns og fróðleiks.